

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 2019 í máli nr. E-4379/2014:

TSC ehf.

(Heimir Örn Herbertsson lögmaður)

gegn

Símanum hf.

(Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður)

1. Mál þetta var höfðað 31. október 2014 og dómtekið 21. febrúar 2019. Stefnandi er TSC ehf., Grundargötu 50 í Grundarfirði, stefndi er Síminn hf., Ármúla 25 í Reykjavík. Dómsformaður tók við málinu 10. janúar 2018 en hafði fram að þeim tíma ekki haft nein afskipti af meðferð þess.
2. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 108.100.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. apríl 2013 til 16. mars 2014, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 66.000.000 króna með vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. apríl 2013 til 16. mars 2014, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til þrautavara að stefndi verði dæmdur til að greiða 22.318.847 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. apríl 2013 til 16. mars 2014, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda. Endanlegar dómkröfur stefnda eru aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda. Stefnandi krafðist í öndverðu frávísunar málsins en féll frá þeirri kröfu undir rekstri þess.
3. Forsaga máls þessa er sú að 11. nóvember 2004 tilkynnti stefndi, sem þá hét Landssími Íslands hf., Samkeppnisstofnun um kaup sín á Íslenska sjónvarpsfélaginu hf., sem rak þá sjónvarpsstöðina Skjá Einn. Samkepp

nisráð ákvað 11. mars 2005, með ákvörðun nr. 10/2005, að heimila samrunann að uppfylltum skilyrðum tilgreindum í 16 töluliðum. Ákvörðunin var tekin á grundvelli sáttar samkeppnisráðs og samrunaaðila. Skilyrðin miðuðu að því að félögin yrðu rekin sem aðskildir aðilar og var ætlað að eyða neikvæðum áhrifum sem samruninn gæti haft á samkeppni á fjar

skipta- og sjónvarpsmarkaði. Í 5., 7. og 16. tl. ákvörðunarorðanna segir: „5. Landssíma Íslands hf. er óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupum á þjónustu sem fyrirtækið veitir að einhver þjónusta Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. skuli fylgja með í kaupunum. Jafnframt er Landssíma Íslands hf. óheimilt að tvinna saman í sölu þjónustu fyrirtækisins og þjónustu Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. gegn verði eða viðskiptakjörum sem jafna má til slíks skilyrðis [...]

7. Landssími Íslands hf. skal veita öðrum en Íslenska sjónvarpsfélaginu hf. aðgang að dreifikerfum sínum fyrir sjónvarp og útvarp. Í þeim tilgangi skal Landssími Íslands hf. útbúa gjaldskrá þar sem fram kemur verð fyrir aðganginn. Skal Landssími Íslands hf. birta gjaldskrána opinberlega og á aðgengilegan hátt eigi síðar en 1. september 2005. Gjaldskrá þessi skal vera málefnaleg og hlutlæg og gilda jafnt í viðskiptum Landssíma Íslands hf. við Íslenska sjónvarpsfélagið hf. og í viðskiptum Landssíma Íslands hf. við aðra aðila.

16. Brot á skilyrðum samkvæmt ákvörðun þessari varða viðurlögum samkvæmt XIII. kafla samkeppnislaga.“

4. Stefnandi er fjarskipta-fyrirtæki sem hefur byggt upp eigið DSL-dreifikerfi á Snæfellsnesi og seldi m.a. bandbreiðar nettengingar og internetþjónustu allt frá árinu 2002 til 2018. Þann 9. maí 2007 sendi stefnandi kvörtun til Samkeppniseftirlitsins þar sem hann taldi að stefndi hefði brotið gegn 5. og 7. tl. í ákvörðunarorði ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 10/2005. Hinn 18. desember 2009 birti Samkeppniseftirlitið ákvörðun nr. 41/2009 og var niðurstaða hennar að stefndi hefði brotið gegn framangreindum töluliðum. Þannig hefði stefndi brotið gegn 5. tl. með samtvinnun ADSL-tenginga vegna internetþjónustu og sjónvarpsþjónustu sem jafna mætti til þess að láta sjónvarpsefni Íslenska sjónvarpsfélagsins, þ.m.t. Skjá Einn, flutning þess og dreifingu, fylgja frítt með í verði ADSL-tenginga Símans. Þá hefði stefndi brotið gegn 7. tl. með því að hindra aðgang stefnanda að dreifikerfi sínu fyrir sjónvarp. Vegna brotanna lagði Samkeppniseftirlitið 150 milljóna króna sekt á stefnda. Stefndi kærði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Með úrskurði, 28. apríl 2010, í máli nr. 2/2010, staðfesti áfrýjunarnefndin að stefndi hefði brotið gegn 5. tl. og 7. tl. ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 10/2005, en lækkaði sektina í 50 milljónir króna. Í framhaldinu höfðaði stefndi mál gegn Samkeppniseftirlitinu og krafðist þess aðallega að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins og úrskurður áfrýjunarnefndarinnar yrðu felld úr gildi. Til vara að sektin yrði felld niður eða lækkuð verulega. Niðurstaða héraðsdóms 27. janúar 2012 í máli nr. E-6395/2010 var að stefndi hefði brotið gegn 5. tl. umræddrar ákvörðunar en ekki 7. tl. hennar. Var sektin lækkuð í 30 milljónir króna. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í Hæstarétti 6. desember 2012 í máli nr. 218/2012, að öðru leyti en því að sekt stefnda var ekki lækkuð. Eftir að niðurstaða Hæstaréttar lá fyrir fóru fram viðræður milli aðila um sættir í málinu en þær tilraunir báru ekki árangur svo stefnandi sá sig knúinn til að höfða mál til heimtu bóta úr hendi stefnda.

5. Í málinu liggja fyrir tvær matsgerðir dómkvaddra matsmanna. Annars vegar er undirmat matsmannanna Gylfa Zoega og Sveins Agnarssonar frá 27. apríl 2013 unnið var að beiðni stefnanda. Hins vegar mat yfirmatsmannanna Guðrúnar Johnsen, Gunnars Haraldssonar og Hersis Sigur geirssonar frá 11. maí 2018 sem unnið var að beiðni stefnda. Í undirmatinu er viðskiptaáætlun stefnanda frá 2005, sem gerði ráð fyrir að tengingar yrðu 400 talsins árið 2006, lögð til grundvallar. Í niðurstöðu undirmatsmanna er gerð grein fyrir „*hæsta mati*“, „*hóflegu mati*“ og „*lægsta mati*“. Lægsta mat er það tap sem undirmatsmenn telja að verði vegna þess að tengingum fækkar sökum aðgerða stefnda frá mars 2005 til ársloka 2009. Á verðlagi í mars 2013 er tjónið metið 31,9 milljónir króna en á verðlagi í desember 2009 27,8 milljónir króna. Hóflegt mat á tjóni stefnanda telja undirmatsmenn á verðlagi í mars 2013 vera 66 milljónir króna. Niðurstaða hæsta matsins er sú að uppsafnað tap vegna árána 2004–2009 á verðlagi í mars 2013 sé 67,4 milljónir króna. Gert er ráð fyrir því að tjón verði einnig árin 2010–2012 vegna þess að þeir viðskiptavinir sem töpuðust í lok árs 2009 komi ekki aftur. Tjónið vegna þess telja undirmatsmenn nema 40,7 milljónum króna á verðlagi í mars 2013. Hæsta mat á tjóni stefnanda á verðlagi í mars 2013 er því að mati undirmatsmanna samtals 108,1 milljón króna. Yfirmatsmenn lögðu til grundvallar við matið svokallaða samanburðaraðferð, þ.e. íslenski markaðurinn var borinn saman við norræna markaði til að setja upp hugsanlegar sviðsmyndir af þróun íslenska markaðarins. Mat á tjóni

stefnanda vegna aðgerða stefnda fólst svo í samanburði á þeim sviðsmyndum við raunverulega þróun markaðarins, sem og skoðun á rekstri og rekstraráætlunum stefnanda. Metið var tímabilið frá 2005 til 2016 og frá 2017 til framtíðar. Niðurstöðurnar voru á breytilegu verðlagi annars vegar og hins vegar á föstu verðlagi miðað við þrjár dagsetningar. Yfirmatsmenn telja tjón stefnanda fyrir allt matstímabilið á verðlagi í desember 2009 vera sex milljónir króna miðað við neðra mark en 19,4 milljónir króna miðað við efra mark. Á verðlagi í apríl 2018 telja þau tjónið alls miðað við neðra mark vera 7,6 milljónir króna en 24,6 milljónir króna miðað við efra mark. Loks er tjónið alls talið 6,9 milljónir á verðlagi í mars 2013 miðað við neðra mark en 22,3 milljónir króna miðað við efra mark.

Málsástæður stefnanda

6. Stefnandi styður kröfu sína um greiðslu skaðabóta við bótareglur skaða bótaréttarins, einkum almenna sakarreglu og regluna um vinnuveitenda ábyrgð. Hann telur öll skilyrði bótaskyldu fyrir hendi. Stefndi hafi tvinnnað saman sölu á ADSL-tengingum og sjónvarpsefni Íslenska sjónvarpsfélagsins með því að láta hið síðarnefnda fylgja í kaupbæti með ADSL-tengingum sínum vegna internetþjónustu. Háttsemin hafi verið talin ólögmet í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 41/2009, úrlausn áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2010, dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E- 6395/2010 og dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 218/2012, þar sem hún hafi brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005. Stefnandi telur að stefndi hafi einnig misnotað markaðsráðandi stöðu sína og brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.
7. Stefnandi telur að háttsemi stefnda sé augljóslega saknæm og gildi einu hvort þar hafi verið um ásetning eða gáleysi að ræða. Stefndi hafi mátt vita að umrædd háttsemi hans hefði falið í sér brot á 5. tl. ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 10/2005 sem og 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Þá fari saknæmismat í skaðabótarétti þannig fram að háttsemi tjónvalds sé borin saman við fyrirmæli í skráðum reglum á hlutlægan hátt, sé þess kostur. Stefndi hafi brotið gegn skýrum fyrirmælum samkeppnisyfirvalda. Stefnandi telur ljóst að bein orsakatengsl séu milli hegðunar stefnda og þess tjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir, en því til sönnunar sé m.a. matsgerð dómkvaddra matsmanna. Þá sé tjón stefnanda sennileg afleiðing af háttsemi stefnda, enda hafi markmið aðgerða

stefnda verið að hefta rekstur stefnanda og samkeppnishæfni.

8. Stefnandi vísar til þess að í undirmatsgerð hafi matsmenn talið að tjón stefnanda hefði einkum birst í fækkun viðskiptamanna hans vegna ólög mætrar samtvinnunar stefnda á vörum og þjónustu. Niðurstaða matsmanna hafi verið sú að tjón stefnanda hefði annars vegar komið fram á þeim tíma þegar brot var framið, þ.e. frá árinu 2005 til loka árs 2009, en þá hafi uppsafnað tap hans numið 67.400.000 krónum. Hins vegar hafi tjón stefnanda einnig komið fram á árunum 2010 til 2012, með tekjutapi vegna þeirra viðskiptavina hans sem höfðu snúið sér til stefnda á brotatímabilinu og ekki snúið aftur í viðskipti við stefnanda eftir að tímabilinu lauk. Tjón stefnanda á síðarnefnda tímabilinu hafi numið 40.700.000 krónum á verðlagi í mars 2013. Tjón hans sé því samtals 108.100.000 krónur og styðst stefnufjárhæðin við þessa útreikninga.
9. Stefnandi vísar til þess að undirmatsmenn hafi talið að hóflegt mat á tjóni hans vegna brota stefnda, á verðlagi í mars 2013, hafi numið rúmlega 66.000.000 króna. Þar sem útreikningar undirmatsmanna hafi stuðst að nokkru við rekstraráætlanir stefnanda bendir hann á að undirmatsmenn töldu að áætlanir stefnanda hefðu ekki verið of bjartsýnar. Áætlanir hans um að hafa 400 viðskiptavini árin 2006–2009 yrðu að teljast raunhæfar og jafnvel varfærnar. Telur stefnandi því að niðurstaða undirmatsmanna feli í sér varlegt mat á tjóni hans. Leggja beri matsgerðina til grundvallar við ákvörðun bóta. Stefnandi telur að af meginreglum skaðabótaréttar leiði að telji stefndi að tjón stefnanda sé ranglega metið með lögfullu sönnunargagni verði hann að hnekkja þeirri sönnun. Geri hann það ekki beri hann hallann af því. Þá skuli ekki færa tjón stefnanda niður af varfærnisástæðum nema stefndi geri það a.m.k. verulega sennilegt að tjón stefnanda sé ofmetið. Þá krefst stefnandi vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. mars 2013 til 16. mars 2014, en þann dag hafi verið liðnir 30 dagar frá því að hann sendi stefnda formlegt kröfubréf, dagsett 13. febrúar 2014, þar sem hann krafðist formlega greiðslu skaðabóta.

Málsástæður stefnda

10. Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að skilyrði skaðabóta skyldu séu ekki fyrir hendi. Ekki liggi fyrir að saknæm og ólögmæt hátt semi hafi leitt til tjóns stefnanda, eða að það tjón sé sennileg afleiðing þeirrar háttsemi sem um ræði. Ekki sé nægjanlegt til sönnunar skaðabóta

skyldu fyrir stefnanda í einkamáli að vísa til stuðnings kröfum sínum al farið til dómsúrlausnar á öðru réttarsviði og láta þar við sitja. Niðurstaða dómstóla um brot aðila gegn ákvæði stjórnvaldsákvörðunar sé ekki nægj anlegt skilyrði þess að skaðabótaskyld háttsemi gagnvart þriðja aðila telj ist sönnuð. Eðli málsins samkvæmt sé ekkert fjallað um skilyrði skaða bótaskyldu í slíkum dómsúrlausnum og séu orsakatengsl á milli ætlaðrar saknæmrar og ólögmætrar háttsemi stefnda og ætlaðs tjóns stefnanda alls ósönnuð. Þá hafnar stefndi sem alls órökstuddum og ósönnuðum ásökun um stefnanda um að í háttsemi stefnda hafi jafnframt falist brot gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

11. Stefndi byggir á því að sú háttsemi hans sem lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 218/2012 hafi hvorki verið saknæm né ólögmæt. Stefndi bendir á að hann hafi hvorki brotið gegn skráðri almennri háttæmisreglu né settu lagaákvæði. Stefndi hafi með sátt við stjórnvald undirgengist að haga starfsemi sinni með tilteknum hætti. Engin lagaskylda hafi hvílt á stefnda til að gera þá sátt sem ákvörðun samkeppnisráðs byggist á. Það eitt að dómstólar hafi komist að þeirri niðurstöðu að stefndi hafi ekki fylgt til teknu ákvæði þessa tvíhliða samnings að öllu leyti leiði ekki til þess að það megi sjálfkrafa túlka sem saknæma og ólögmæta háttsemi sem þriðji aðili eins og stefnandi geti byggt rétt á. Því sé ósannað að stefndi hafi við haft saknæma og ólögmæta háttsemi sem hafi valdið stefnanda tjóni. Skil yrði skaðabótaskyldu séu því ekki uppfyllt.
12. Stefndi byggir á því að undirmatsgerð sé verulegum annmörkum háð og geti ekki falið í sér fullnægjandi sönnun orsakatengsla milli háttsemi stefnda og ætlaðs tjóns stefnanda. Sú forsenda undirmatsmanna að fjölgun viðskiptavina stefnanda eftir að samkeppni við stefnda hófst, en áður en stefndi hóf að selja internet- og sjónvarpsþjónustu á einu heildarverði, og fækkun í kjölfar þess, bendi til orsakatengsla milli þess og ætlaðs tjóns stefnanda, sé röng og byggist á röngum upplýsingum. Samkvæmt minnisblaði frá Landsbankanum hafi fjöldi áskrifenda stefnanda verið 142 í ágúst 2005. Séu það um 30 fleiri áskrifendur en það línurit sem matsmenn studdust við gefi til kynna. Línuritið hafi stefnandi útbúið sjálfur og það hafi afar takmarkað sönnunargildi. Minnisblað Landsbankans sé hins vegar samtímagagn frá þriðja aðila og hafi sem slíkt mun ríkara sönnunargildi.

13. Þá bendir stefndi á að matsmenn leggi til grundvallar aðferðafræði sem sé ætlað að mæla áhrif þess að stefndi bauð alla sjónvarpsþjónustu á einu heildarverði með internetþjónustu, þrátt fyrir að það hafi að langstærstum hluta verið með öllu lögmaett. Eina brot stefnda samkvæmt úrlausnum dómstóla hafi verið að meðal þeirra stöðva sem hann bauð hafi verið sjónvarpsstöð Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., Skjár Einn. Aðferð mats manna við könnun á orsakatengslum sé því ekki í samræmi við staðreynd ir, og geti þannig ekki talist sanna orsakatengsl á milli brots stefnda á 5. tl. ákvörðunar nr. 10/2005 og ætlaðs tjóns stefnanda.
14. Stefndi vísar til þess að undirmatsmenn leggi til grundvallar niðurstöðu sinni að broti stefnda hafi lokið á árinu 2009, þegar Skjár Einn varð áskriftarstöð. Á þeim yfir fimm árum sem liðu fram að því að mál þetta var höfðað hafi notendum stefnanda ekkert fjölgað. Stefndi byggir á því að þetta sé skýr sönnun þess að engin orsakatengsl hafi verið á milli brots stefnda gegn 5. tl. ákvörðunar nr. 10/2005 og þess að stefnandi hafi ekki náð markmiðum sínum um fjölgun viðskiptavina. Engar skýringar sé að finna á því í undirmatsgerð hvers vegna matsmenn líti fram hjá þessu skýra sönnunargagni. Þá sé í undirmatsgerð litið fram hjá því að mikill verðmunur hafi verið á þjónustu stefnanda og stefnda. Verðlagning sé almennt sá þáttur sem ráði mestu í vali neytenda á því af hverjum þeir kaupi þjónustu. Þessi mikli munur á verðlagningu bendi sterklega til þess að brot stefnda gegn 5. tl. hafi engin áhrif haft á þá staðreynd að stefnandi náði ekki markmiðum sínum um fjölgun viðskiptavina.
15. Stefndi byggir sýknukröfu sína í öðru lagi á því að stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni, í öllu falli sé ætlað tjón ósannað. Ekki sé sjálfgefið að keppi nautur fyrirtækis sem gerist brotlegt gegn tvíhliða sátt þess fyrirtækis við stjórnvald verði fyrir tjóni. Eina sönnunargagn stefnanda í málinu fyrir þeirri staðhæfingu að hann hafi orðið fyrir tjóni sé matsgerð dómkvaddra matsmanna, en hún geti ekki talist vera fullnægjandi sönnun á ætluðu tjóni stefnanda. Ekki sé sett fram ein rökstudd niðurstaða, heldur þrjár ólíkar fjárhæðir um „*hæsta mat*“, „*hóflegt mat*“ og „*lægsta mat*“, sem gefi verulega ólíka innbyrðis niðurstöðu. Þessar fjárhæðir séu lítt rökstuddar og virðist matsmenn ekki taka afstöðu til þess hverja fjárhæðina þeir telja rétta. Matsgerðin samræmist þannig ekki áskilnaði 5. mgr. 61. gr. laga nr. 91/1991 um að teljast rökstudd matsgerð á ætluðu tjóni stefnanda og því verði að telja ætlað tjón stefnanda ósannað.

16. Stefndi byggir sýknukröfu sína í þriðja lagi á því að krafa stefnanda sé niður fallin sökum tómlætis. Á því sé byggt í stefnu að ætluð skaðabóta skyld háttsemi stefnda hafi hafist á árinu 2005, yfir átta árum fyrir útgáfu stefnu. Þá hafi stefnandi beint kvörtun til Samkeppniseftirlitsins 9. maí 2007 þar sem fram hafi komið að stefnandi teldi sig verða fyrir tjóni vegna háttsemi stefnda. Með bréfi dagsettu 13. febrúar 2014 hafi stefnandi fyrst gert kröfu á hendur stefnda um greiðslu skaðabóta, eða um níu árum frá upphafi ætlaðrar skaðabótaskyldrar háttsemi, og um sjö árum frá því að stefnandi sjálfur lýsti því yfir að hann teldi háttsemi stefnda ólögmeata. Þá hafi málið verið höfðað með birtingu stefnu 31. október 2014, tæpum tíu árum frá upphafi ætlaðrar skaðabótaskyldrar háttsemi.
17. Stefndi byggði í greinargerð sinni sýknukröfu sína í fjórða lagi á því að krafa stefnanda væri niður fallin vegna fyrningar. Fyrningarfrestur hafi byrjað að líða eftir því sem ætlað tjón hafi fallið til á árunum 2005–2009, enda ætluð skaðabótaábyrgð reist á þeim atvikum. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fynnist krafa um skaðabætur á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið. Stefndi byggði á því að ekkert hafi staðið því í vegi að stefnandi hefði aflað sér slíkra upplýsinga í síðasta lagi þegar hann sendi Samkeppniseftirlitinu kvörtun 9. maí 2007. Málið hafi hins vegar ekki verið höfðað fyrr en 22. október 2014, um sjö og hálfu ári eftir að kvörtunin hafi verið send. Því hafi ætluð krafa verið fyrnd við höfðun málsins. Við aðalmeðferð málsins óskaði stefndi bókað að nú væri byggt á því aðallega að fyrningarfrestur hefjist þegar broti lauk en til vara eftir því sem tjón féll til líkt og gert var í greinargerð. Stefnandi mótmælti sem of seint fram kominni þeirri málsástæðu stefnda að um ástandsbrott væri að ræða og að miða ætti upphaf fyrningarfrests við þann dag þegar broti lauk.
18. Stefndi byggir sýknukröfu sína í fimmta lagi á því að stefnandi geti ekki byggt rétt á tvíhliða sátt stefnda við samkeppnisráð. Ákvörðun samkeppnisráðs hafi byggst á sátt stefnda við samkeppnisráð, í tengslum við samruna stefnda og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. Engin skylda hafi hvílt á stefnda til að undirgangast sáttina, og sé hún því ekki annað en tvíhliða samningur stefnda við samkeppnisráð, þar sem stefnandi hafi undirgengist það gagnvart samkeppnisráði að haga sér með tilteknum

hætti. Þá hafi ekki verið um að ræða sátt þar sem nein brot á samkeppnislögum voru viðurkennd. Þriðji maður, sem enga aðild átti að sáttinni, geti ekki krafist stefnda um skaðabætur vegna ætlaðs tjóns síns, enda hafi sáttin ekki falið í sér neitt gilt þriðjamannsloforð.

19. Stefndi byggir kröfu sína um verulega lækkun dómkrafna á öllum þeim málsástæðum sem hafa verið raktar að framan. Þá byggir stefndi á því að þar sem undirmatsmenn hafi ekki gætt lögmætra aðferða við framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 62. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einka mála sé ekki unnt að leggja það til grundvallar í málinu.
20. Stefndi bendir á að þar sem dómkröfur stefnanda byggji á niðurstöðum matsgerðarinnar og að takmarkaðan sjálfstæðan rökstuðning sé að finna fyrir fjárhæð ætlaðs tjóns í stefnu hagi stefndi málsástæðum sínum með þeim hætti að gera athugasemdir við niðurstöður matsgerðarinnar. Sú aðferð sem matsmenn leggi til grundvallar matsgerð sé ekki í samræmi við viðurkenndar aðferðir við mat á tjóni á sviði samkeppnisréttar. Þannig séu með beitingu svokallaðrar samanburðaraðferðar notaðar viðskiptaáætlanir stefnanda, sem stefndi hafi aldrei fengið aðgang að, í stað þess að miða við upplýsingar frá sama markaði fyrir og eftir brot og upplýsingar frá öðrum svipuðum mörkuðum, hér á landi eða erlendis. Notkun slíkra viðurkenndra aðferða hefði í öllu falli sýnt fram á að tjón stefnanda væri verulega takmarkað, ef eitthvert, enda hafi viðskiptavinum stefnanda ekkert fjölgað, þrátt fyrir að við höfðun máls þessa hafi verið liðin meir en fimm ár frá því að ætluðu broti lauk.
21. Stefndi gerir athugasemdir við forsendur matsgerðar um lok hins ætlaða tjonstímabils, en þar sé lagt til grundvallar að því hafi lokið 1. desember 2009, þegar sjónvarpsstöðin Skjár Einn varð að áskriftarstöð. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 218/2012 sé hvergi vikið að lengd brotatímabils. Hinn 7. júlí 2006 hafi tekið gildi reglur Póst- og fjarskiptastofnunar um skilyrt aðgangskerfi og notendabúnað fyrir stafrænt sjónvarp. Í reglunum sé kveðið á um að útvarpsstöð (þ.e. hljóðvarps- og sjónvarpsstöð, sbr. 2. gr. reglnanna) sem dreifi ólæstri dagskrá eigi rétt á því að dagskráin og tengdir gagnastrumar fari óhindruð í gegnum aðgangskassa *án endur gjalds*. Stefnda hafi því verið óheimilt að krefja viðskiptavini sína um sérstakt gjald fyrir dreifingu á Skjá Einum eftir að reglurnar voru settar. Ætlað brot gegn 5. tl. ákvörðunar nr. 10/2005 geti því ekki hafa staðið

lengur en þar til reglur PFS tóku gildi, enda hefði stefndi ella verið brot legur gegn þeim. Þegar litið sé til fjölda heimila á starfssvæði stefnanda sem annars vegar höfðu ekki ADSL-tengingar, og hins vegar höfðu ADSL-tengingar hjá stefnda án þess að nýta sér sjónvarpsþjónustu stefnda, sé ljóst að stefnandi hafi haft mikið svigrúm til að ná þeim 400 viðskiptavinum sem viðskiptaáætlun hans hafi gert ráð fyrir. Því sé ljóst að ástæður þess að þau markmið hafi ekki náðst megi rekja til annars en dreifingar stefnda á sjónvarpsstöðinni Skjá Einum. Mikill munur hafi verið á verðlagningu stefnanda og stefnda á markaðnum á ætluðu tjóns tímabili. Lægsta verð stefnda fyrir internet og ADSL-þjónustu, eftir verð lækkun 1. júní 2004, hafi verið 3.800 krónur, á meðan lægsta verð stefnanda hafi verið 4.800 krónur. Ekkert sé vikið að þessum þætti í matsgerð. Þá sé í matsgerð ekki borið saman þjónustustig stefnanda og stefnda. Það sé óumdeilanlegt að mismunandi þjónustustig getur haft mikil áhrif við val viðskiptavina á þjónustuaðila. Þá sé nauðsynlegt að meta áætlanir matsbeiðanda um markaðssetningu. Í viðskiptaáætlun stefnanda hafi verið gert ráð fyrir þreföldun viðskiptavina á tiltölulega skömmum tíma. Slíkri fjölgun verði vart náð án sérstakra markaðsaðgerða með tilheyrandi tilkostnaði. Samkvæmt athugun stefnda hafi auglýsingar stefnanda verið afar takmarkaðar, ef einhverjar.

22. Þá vísar stefndi til þess að dómkrafa stefnanda byggist að einhverju leyti á núvirðingu ætlaðs tjóns samkvæmt matsgerð. Engin lagaheimild standi til þess að uppreikna ætlað tjón með núvirðingu fjárhæðar. Um vexti af skaðabótakröfum fari samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001. Með því að krefjast núvirtra fjárhæða sé stefnandi í raun að krefjast greiðslu vaxta inn í höfuðstólskröfu, þar á meðal vaxta sem séu fyrndir. Stefndi byggir á því að viðskiptaáætlun stefnanda um vænta markaðshlutdeild, 35%, sem niðurstöður matsgerðar byggist á sé með öllu óraunhæf. Stefndi bendir í fyrsta lagi á að stærstur hluti nýrra fyrirtækja dragi sig af markaði innan nokkurra ára frá innkomu á markað. Í öðru lagi er bent á að yfirleitt er mjög erfitt fyrir ný fyrirtæki að fóta sig á markaði þar sem þau hafa ekki nein tengsl við markaðinn. Umtalsverð hækkun á markaðshlutdeild nýs fyrirtækis, eins og lögð er til grundvallar í matsgerð, sé því afar ólíkleg. Loks er í þriðja lagi bent á að markaðshlutdeild stefnanda hafi ekkert aukist eftir lok brots stefnda gegn 5. tl. ákvörðunar nr. 10/2005, sem gefi skýrt til kynna að áætlunin hafi verið með öllu óraunhæf.

23. Stefndi hafnar því að bótagreiðslur eigi að byggjast á tekjutapi stefnanda, eins og kröfugerð hans sé byggð á. Ekki sé lagaheimild til annars en að dæma bætur vegna hagnaðarmissis, hafi stefnandi orðið fyrir tjóni. Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda þar sem engin efni séu til að reikna dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögu því ekki verði ljóst fyrir en þá hvort stefnandi eigi einhverja kröfu á hendur stefnda. Þess vegna sé alls óljóst hvaða fjárhæð, ef einhverja, stefnda beri að greiða stefnanda. Þá er upphafstíma kröfu um vexti samkvæmt ákvæði 8. gr. laga nr. 38/2001 mótmælt sem órökstuddum.

Niðurstaða

24. Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 218/2012 var staðfest sú niðurstaða áfrýjunarnefndar samkeppnismála að stefndi hefði brotið gegn skilyrðum 5. töluliðar ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 10/2005 og þeirri sátt sem lá henni til grundvallar með því að veita, samhliða aðgangi að internetinu í gegnum ADSL-tengingar sínar, aðgang að sjónvarpsefni frá Íslenska sjón varpsfélaginu hf. gegn einu heildargjaldi. Fallast verður á það með stefnanda að með þessu hafi verið staðfest saknæmi háttsemi stefnda sem stefnandi byggir á skaðabótakröfur sínar á hendur stefnda í máli þessu. Telja verður að stefnda hafi mátt vera ljóst að háttsemi hans var til þess fallin að valda stefnanda tjóni og að hin ólögmeta háttsemi hafi staðið í svo nánnum tengslum við þær neikvæðu breytingar sem urðu á rekstrarum hverfi stefnanda að hann geti átt rétt á bótum vegna hagnaðarmissis verði hann talinn hafa sýnt fram á slíkt tjón.
25. Hin ólögmeta háttsemi stefnda sem er forsenda þess að stefnandi eignaðist kröfu á hendur honum hófst í mars 2005. Dómurinn telur að miða verði við að fyrningarfrestur hafi hafist eftir því sem tjón stefnanda féll til frá 2005 og áfram frá mánuði til mánaðar og hefur við það mat hliðsjón af dómi Hæstaréttar í málinu nr. 226/2013. Dómurinn fellst á með stefnanda að stefndi sé bundinn af því að hafa miðað varnir sínar í greinargerð við þennan skilning og að hann geti ekki gegn mótmælum stefnanda byggt á því að fyrningarfrestur á öllu tjóni stefnanda hafi byrjað að líða við lok brots stefnda á þeim grunni að um ástandsbrott hafi verið að ræða. Þessi málsástæða er of seint fram komin. Í ljósi þessa telur dómurinn að tjón stefnanda hafi orðið bæði í tíð eldri og yngri fyrningarlaga. Dómurinn telur þann hluta tjónsins sem féll til frá mars 2005 og fram til gildistöku nýrra fyrningarlaga 1. janúar 2008 með vísan til 2. töluliðar 4. gr. laga nr.

14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, sbr. 28. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, ekki fyrndan. Að því er varðar þann hluta tjónsins sem féll til eftir gildistöku nýrra fyrningarlaga 1. janúar 2008 verður með vísan til 9. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, að fallast á það með stefnda að sá hluti kröfu stefnanda sem féll til fram til 31. október 2010 er fjögur ár voru til þess er mál þetta var höfðað sé fyrndur. Er í því sambandi litið til þess að stefnandi öðlaðist að mati dómsins nauðsynlegar upplýsingar um tjón sitt og þann sem ábyrgð bar á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga við birtingu ákvörðunar Samkeppniseftirlits í desember 2009 eða í síðasta lagi er meðferð máls stefnda lauk á stjórnarsýslustigi með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í apríl 2010. Sá hluti kröfu stefnanda sem féll til eftir 31. október 2010 er því ófyrndur. Þá er það mat dómsins að hvorki athafnir stefnanda né athafnaleyfi við rækslu hagsmuna sinna gagnvart stefnda hafi verið til þess fallnar að gefa stefnda til kynna að stefnandi hygðist ekki halda upp á hann kröfum sínum. Þá eru að mati dómsins engin þau atvik uppi málinu önnur sem gætu leitt til þess að kröfur stefnanda teldust hafa fallið niður fyrir tómlæti.

26. Það er sameiginleg niðurstaða beggja þeirra matsgerða sem fyrir liggja í málinu að tjón hafi orðið á rekstri stefnanda sem virðist mega rekja til þeirrar aðstöðu sem kom upp í kjölfar þess að stefndi hóf hinar ólögmetu samkeppnisaðgerðir sínar. Þótt örðugt sé að sanna, svo hafið sé yfir allan vafa, að beint orsakasamband sé á milli hinnar ólögmetu háttsemi og rekstrartjóns stefnanda hefur stefndi ekki getað bent á nein önnur atriði sem geti skýrt þau skörpu umskipti sem urðu á þróun rekstrar stefnanda á þeim tíma sem stefndi hóf að samtvinna internetþjónustu sína við dreifingu sjónvarpsefnis. Í því sambandi verður þó að hafa í huga að samtvinningun stefnda á internetþjónustu og dreifingu sjónvarpsefnis fór einungis að hluta í bága við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005 og þá sátt sem lá henni til grundvallar. Þetta kann að sínu leyti að hafa áhrif á umfang þess tjóns stefnanda sem stefndi er ábyrgur fyrir. Þannig var með hinu breytta þjónustuframboði stefnda í ársbyrjun 2005 ekki aðeins samtvinnuð internetþjónusta og dreifing sjónvarpsefnis frá Skjá Einum, sem bann samkeppnisyfirvalda tók til, heldur einnig dreifing annars sjónvarpsefnis, sem ekki var lagt bann við í ákvörðun samkeppnisráðs.

27. Matsgerðir undirmatsmanna og yfirmatsmanna byggjast báðar á sömu grunnálgun þar sem reynt er að bera saman afkomu stefnanda eins og hún varð í raun og eins og hún hefði að líkindum orðið ef samkeppnisbrot stefnda hefði ekki komið til. Í báðum matsgerðunum er staðfest að stefnandi varð fyrir fjárhagslegu tjóni. Munurinn á niðurstöðum matsgerðanna kemur einkum til vegna mismunandi mats þeirra á líklegri þróun fjölda viðskiptavina stefnanda ef samkeppnisbrot stefnda hefði ekki komið til og mismunandi mats á framlegð vegna hvers viðskiptavinar.
28. Það er niðurstaða undirmatsmanna að samkeppnisbrot stefnda hafi haft tölfraðilega marktæk áhrif á þróun fjölda viðskiptavina stefnanda og valdið fækkun þeirra um 4,3 á mánuði miðað við það sem ella hefði orðið. Undirmatsmenn greina einnig áhrif þess að stefndi hóf samkeppni við ADSL-þjónustu stefnanda í júní 2003 og að stefndi fjölgaði rásum í IPTV-þjónustu sinni í ágúst 2010. Virðist hið fyrra ekki hafa leitt til fækkunar viðskiptavina stefnanda, raunar fjölgunar ef eitthvað er, en áhrifin eru þó vart tölfraðilega marktæk. Hið síðara virðist hafa leitt til enn frekari fækkunar viðskiptavina stefnanda og eru áhrifin tölfraðilega marktæk.
29. Í yfirmatsgerð er einkum horft til samanburðar við hin Norðurlöndin þegar áætluð er líkleg þróun fjölda viðskiptavina stefnanda, hefði ekki komið til brots stefnda. Út frá þeim samanburði er stillt upp tveimur sviðsmyndum. Í sviðsmynd 1 hefði markaðshlutdeild stefnanda á markaðssvæði sínu haldist óbreytt áfram eftir 2004 og verið 13,2%. Er það sagt í samræmi við þróun í markaðshlutdeild lítilla fyrirtækja og stærsta fyrirtækisins í ADSL-tengingum í Svíþjóð á sama tíma. Í sviðsmynd 2 hefði markaðshlutdeild stefnanda tvöfaldast á árunum 2004 til 2013 og endað í 26,4%. Er það sagt í samræmi við þróunina á sama tíma í Noregi og Danmörku. Er síðan tjón stefnanda vegna brots stefnda reiknað út fyrir báðar sviðsmyndirnar og fæst töluvert hærra mat miðað við þá síðari.
30. Dómurinn telur að ekki sé hægt að byggja á samanburðaraðferð yfirmatsgerðarinnar. Kemur þar einkum þrennt til. Það fyrsta er að tölur frá Norðurlöndunum um markaðshlutdeild eru allar gefnar upp fyrir tiltekið land í heild. Þetta gefur að mati dómsins ekki nothæfa mynd af þróun markaðs

hlutdeildar fyrirtækis sem einungis þjónar litlum hluta tiltekins lands. Það liggur í hlutarins eðli að staðbundið fyrirtæki getur haft talsverða markaðshlutdeild á sínu svæði þótt það hafi litla hlutdeild á landsvísu. Á það m.a. við um stefnanda, sem hafði alltaf langt innan við 1% markaðshlutdeild í ADSL-tengingum á Íslandi í heild. Önnur ástæðan er að á norðanverðu Snæfellsnesi var stefnandi fyrsta fyrirtækið sem bauð upp á ADSL-tengingar og sat því eitt að þeim markaði um skeið, frá árinu 2000 og fram til fyrri hluta árs 2003. Stefnandi naut því ákveðins forskots vegna þess á aðra keppinauta á sínu markaðssvæði, þ.á m. stefnda, þótt stefndi hafi ætíð verið með miklu hærri markaðshlutdeild á landinu öllu. Í þriðja lagi er í hinum norræna samanburði horft til markaðshlutdeildar lítilla fyrirtækja samanlagt. Það gefur ekki glögga mynd af þróun markaðshlutdeildar tiltekins lítils fyrirtækis, sem eðli máls skv. getur vaxið hægar eða hraðar en meðaltalið.

31. Í undirmatsgerð er kostnaður vegna hvers nýs viðskiptavinar stefnanda áætlaður út frá rauntölum að mati stefnanda. Er kostnaður, svo áætlaður, síðan dreginn frá verði á hverri tengingu á hverjum tíma til að fá mat á framlegð vegna hvers viðskiptavinar. Í yfirmatsgerð er framlegð stefnanda af ADSL-þjónustu metin með því að horfa til framlegðarhlutfalls fyrirtækja sem matsmenn telja sambærileg á tímabilinu 2004 til 2012. Telja matsmenn að það hlutfall hafi yfirleitt legið á bilinu 5–10%. Þó hafi framlegðarhlutfall stefnda verið talsvert hærra, eða á bilinu 15–37% á tímabilinu 2004 til 2015. Yfirmatsmenn telja þó óraunhæft að mun minna og sérhæfðara fyrirtæki, eins og stefnandi, hefði náð svo hárra framlegð. Í ljósi þessa miða þeir við að framlegð stefnanda af ADSL-þjónustu hefði verið 10% af tekjum. Þeir margfalda síðan saman það hlutfall annars vegar og mat sitt á töpuðum tekjum stefnanda hins vegar til að komast að niðurstöðu um tjón stefnanda vegna brots stefnda.
32. Þótt sú nálgun yfirmatsmanna að miða við framlegð sambærilegra fyrir tækja sé rökrétt telur dómurinn ekki hægt að byggja á henni hér af þremur ástæðum. Sú fyrsta er að samanburðurinn sem lýst er í yfirmatsgerðinni er óljós. Ekki er tilgreint til hvaða fyrirtækja er horft í samanburðinum, annarra en stefnda, og ekki er gerð nein grein fyrir rekstri þeirra eða að hvaða marki hann var samanburðarhæfur við rekstur stefnanda. Þá eru tölur einungis tilgreindar á víðu bili og jafnframt tekið

fram að stundum hafi framlegðin legið utan bilsins. Í öðru lagi verður að teljast ólíklegt að mati dómsins að í veitustarfsemi, eins og hér um ræðir, sé framlegð einungis 10%. Almenn gildir í veitustarfsemi að fastur kostnaður, vegna uppbyggingar kerfa, er hár en breytilegur kostnaður, vegna rekstrar eða stækkunar kerfa, lágur. Framlegð er því að sama skapi almennt há. Í þriðja lagi telur dómurinn að þegar vöð er á rauntölum úr rekstri fyrirtækis, eins og í þessu tilfelli, sé eðlilegra að byggja á þeim en að áætla þær með samanburði við önnur fyrirtæki. Hér verður því miðað við áætlun undirmatsmanna um framlegð stefnanda.

33. Í undirmatsgerð er einkum horft til áráanna 2005 til 2009 en jafnframt birtar niðurstöður fyrir árin 2010 til 2012. Ekki er lagt mat á tjón sem stefnandi kann að hafa orðið fyrir eftir 2012 og virðist það skýrast af því hvenær matið var unnið, en því var skilað í apríl 2013. Í yfirmatsgerð er tjón reiknað út miðað við þrjú tímabil, 2005 til 7. júlí 2006, 2005 til 2008 og 2009 til „fram tíðar“ auk þess sem tjón tveggja síðastnefndu tímabilanna er lagt saman og þannig fengið út mat á tjóni alls. Með framtíð er átt við þann tíma er skaðlegra áhrifa af broti stefnda er hætt að gæta að mati yfirmatsmanna og er reiknað allt til ársins 2023. Bæði í undirmatsgerð og yfirmatsgerð eru birtar tölur fyrir áætlað tjón einstök ár en þær síðan dregnar saman til að sýna áætlað tjón tiltekin tímabil.
34. Tölur um fjölda viðskiptavina ADSL-þjónustu stefnanda sýna glöggt að þeim fjölgaði ört allt frá upphafi og til ársloka 2004, um það leyti sem brot stefnda hófst. Þá fækkaði þeim hratt allt til ársins 2006 en þá virðist fjöldinn hafa náð einhvers konar jafnvægi, í um það bil 100 viðskiptavinum. Stefnandi virðist því hafa getað haldið nokkurn veginn þeim fjölda viðskiptavina sem hann hafði eftir 2006 en ekkert bættist við, þrátt fyrir stækkun markaðarins, þ.e. fjölgun þeirra heimila sem keyptu ADSL-tengingu á svæðinu. Jafnframt liggur fyrir að 100 viðskiptavinir nægðu ekki til að standa undir rekstri stefnanda. Var því viðvarandi tap á rekstrinum öll þau ár sem gögn liggja fyrir um í þessu máli. Forsvarsmenn stefnanda gerðu hins vegar ráð fyrir að ná um 400 viðskiptavinum í fyllingu tímans og að reksturinn myndi þá standa vel undir sér. Það hefði að mati undirmatsmanna samsvarað um 35% markaðshlutdeild á markaðssvæði stefnanda miðað við að 80% heimila keyptu sér ADSL-þjónustu. Í viðskiptaáætlun sem unnin var fyrir stefnda snemma á árinu 2005 var jafnframt miðað við þessa forsendu.

35. Þegar viðskipti byggjast á áskrift, eins og hér á við, getur verið mjög erfitt að fá viðskiptavini til að skipta frá einu fyrirtæki til annars. Ef eiginleikar þeirrar vöru eða þjónustu sem í boði er eru svipaðir milli fyrirtækja og verð einnig er lítil ástæða fyrir viðskiptavini til að færa viðskipti sín frá einu fyrirtæki til annars. Við þær aðstæður getur tímabundið áfall sem fyrirtæki verður fyrir og veldur því að það missir viðskiptavini eða nær ekki til sín nýjum haft mjög langvarandi áhrif á rekstur þess. Það virðist að mati dómsins hafa gerst hér. Markaðssetning stefnda á IPTV-þjónustu, sem m.a. fól í sér aðgang að rásum Íslenska sjónvarpsfélagsins, stöðvaði öra fjölgun viðskiptavina stefnanda og sneri þeirri þróun síðan við. Það gerði rekstur stefnanda vonlítinn og var honum á endanum hætt, eftir margra ára samfelldan taprekstur. Þótt broti stefnda hafi lokið í desember árið 2009, þegar Skjár Einn varð áskriftarstöð, gætti áhrifa brotsins áfram allt þangað til rekstri stefnanda á ADSL-þjónustu var hætt síðla árs 2018. Í ljósi þessa væri eðlilegt að meta tjón stefnanda allt frá því að brotið hófst, í árslok 2004 og þangað til rekstri hans lauk 2018. Þetta verður þó ekki gert í ljósi þess á hvern hátt stefnandi hefur kosið að setja fram kröfu sína.
36. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins að fallist er á að leggja verði til grundvallar niðurstöðu undirmatsmanna um tjón stefnanda. Þetta verður þó ekki gert fullum fetum. Eins og að framan var getið fór samtvinnun stefnda á internetþjónustu og dreifingu sjónvarpsefnis einungis að hluta í bága við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005. Dreifing stefnda á öðru sjónvarpsefni, sem ekki var lagt bann við í ákvörðun samkeppnisráðs, hefði að mati dómsins að líkindum gert samkeppnisstöðu stefnanda þrengri þótt ekki hefði komið til samkeppnisbrots stefnda. Þá verður að líta til þess að hluti kröfu stefnanda er fyrndur eins og að framan er rakið. Í ljósi alls þessa og með hliðsjón af niðurstöðu undirmatsmanna um tjón stefnanda verður stefnda gert að greiða stefnanda bætur eins og greinir í dómsorði. Þá verður stefnda eftir þessum úrslitum gert að greiða stefnanda málskostnað eins og greinir í dómsorði. Af hálfu stefnanda flutti málið Heimir Örn Herbertsson lögmaður. Af hálfu stefnda flutti málið Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður. Málið dæmdu héraðsdómararnir Ástráður Haraldsson og Ingiríður Lúðvíksdóttir og Gylfi Magnússon hagfræðingur.

D ó m s o r ð

Stefndi, Síminn hf., greiði stefnanda, TSC ehf., 50.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. apríl 2013 til 16. mars 2014, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda 6.000.000 króna í málskostnað.

Ástráður Haraldsson

Ingiríður Lúðvíksdóttir

Gylfi Magnússon